

Fundargerð 61. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fjarfundur haldinn gegnum vefforritið Teams, 6. apríl 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni landshluta
2. Önnur mál
 - a) Fjármálaáætlun og byggðasjónarmið
 - b) Áhrif Covid-19 faraldursins á ferðaþjónustu

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (SRN, fór kl. 14:05), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elín R. Guðnadóttir (ANR), Þór Þórarinsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Karl Björnsson (Sambandinu), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg Matthíasson (FOR) og Hrund Hafteinsdóttir (UTN). Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum) var einnig fjarverandi vegna umræðuefnis fundarins.

Í upphafi fundar greindi formaður frá samráðsfundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga, formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnendum Byggðastofnunar. Fundurinn var fjarfundur og fór fram 3. apríl sl. Á fundinum var meðal annars greint frá samþykkt Alþingis á fjárukalögum ársins 2020, en þar er kveðið á um að ein af aðgerðum til að bregðast við afleiðingum af Covid-19 faraldrinum er að veita 200 millj. kr. aukafjárveitingu til sóknaráætlana landshluta.

Umfjöllun og afgangur:

1. Áhersluverkefni landshluta

Til umfjöllunar voru áhersluverkefni af Suðurnesjum, Austurlandi og af höfuðborgarsvæðinu, en gögn höfðu verið send stýrihópnum fyrir fundinn. Stýrihópurinn staðfesti öll verkefni fyrir sitt leyti, þó þannig að tvö verkefnanna voru staðfest með fyrirvara um nánari upplýsingar, sem verkefnisstjóra var falið að kalla eftir. Nokkur umræða varð um áhersluverkefni almennt, meðal annars hvort hnykkja þurfi betur á markmiðssetningu og mælikvörðum á árangur.

2. Önnur mál

a) Fjármálaáætlun og byggðasjónarmið

Formaður hafði sent póst fyrir fund varðandi efni næsta fundar í maí, með tillögu um að rýna í fjármálaáætlun með byggðagleraugum og ræða um afleiðingar Covid-19 faraldursins á landinu öllu. Hún ræddi einnig um að í lögum um opinber fjármál er Byggðastofnun falið það hlutverk að innan 4 vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal stofnunin gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu (14. gr.). Stofnunin hefur bent á, og stýrihópurinn tekið undir, að skilvirkara væri að gefa umsögn um fjármálaáætlun. Stýrihópurinn sammála um að taka þetta fyrir á næsta fundi sem áætlaður er 4. maí.

b) Áhrif Covid-19 faraldursins á ferðaþjónustu

Fulltrúi ferðamálaráðherra kynnti gögn sem ráðuneytið hefur tekið saman um áhrif Covid-19 faraldursins á ferðaþjónustu á landinu öllu og greint niður á landshluta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20